

Ár 2011, fimmtudaginn 3. febrúar kl. 17 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eypór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 20. janúar 2011.**

Í bréfinu er kynnt framkvæmd æskulýðsrannsóknanna Ungt fólk og hvernig rannsóknunum verði háttað á komandi árum.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Alþingi frá 25. janúar 2011.**

Í bréfinu er tilkynnt að Alþingi hafi samþykkt á fjárlögum 2011 að úthluta 1. m.kr vegna sýningarinnar Blóm í bæ 2011.

Bæjarráð þakkar rausnarlegt framlag fjárlaganefndar til sýningarinnar. Með því er tryggt að Garðyrkju og blómasýningin Blóm í bæ 2011 verði jafn vegleg og áður hefur verið.

1.3. **Sýslumanninum á Selfossi frá 21. janúar 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Ólafs Sigurðssonar f.h. NLFÍ Hótels ehf um leyfi til reksturs gististaðar í flokki V.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir varðandi umsókn Ólafs Sigurðssonar kt. 131155-2479 f.h. NLFÍ Hótels ehf um rekstur gististaðar í flokki V.

Bæði opnunartími og staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

1.4. **Körfuknattleiksdeild Hamars frá 26. janúar 2011.**

Í bréfinu óskar Körfuknattleiksdeild Hamars eftir leyfi til að setja upp auglýsingarskilti á austur gafli hússins að Mánamörk 3-5.

Bæjarráð samþykkir að veita umbeðna undanþágu frá reglum um skilti sem í gildi eru í bæjarfélaginu. Undanþágan sem er tímabundin og gildir í eitt ár byggir á því að um umtalsverðan ávinning er að ræða og rennur hann óskiptur til uppbyggingar körfuknattleiksdeildarinnar í Hveragerði.

1.5. **Grétari J. Unnsteinssyni frá 26. janúar 2011.**

Í bréfinu fer bréfitari fram á niðurfellingu á vatnsskatti, fráveitugjaldi og sorphreinsgjaldi af fokheldri fasteign sinni að Kambahrauni 51.

Bæjarráð hafnar beiðni um niðurfellingu vatnsskatts og fráveitugjalds enda liggur fyrir skýr heimild í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 6. grein og í lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 14. grein en þar segir að heimilt sé að innheimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og af fasteignum sem tengdar eru, munu tengjast fráveitu sveitarfélags eða njóta þjónustu hennar. Þar sem húsnæðið er skráð fokhelt og sannanlega hefur aldrei verið búseta í húsinu samþykkir bæjarráð að fella niður sorphirðu- og urðunargjöld í samræmi við almennan fyrningarrétt fjárkrafna.

2. Starfsmanna málefni:

2.1. Bréf frá Sigurlínu Hreinsdóttur frá 25. febrúar 2011.

Í bréfinu óskar Sigurlína eftir að fá greitt orlof á fasta yfirvinnu.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að kanna réttarstöðu bæjarins í málinu fyrir næsta fund bæjarráðs.

2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 31. janúar 2011 vegna mannvirkja og umhverfiseildar.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 31. janúar þar sem hún ræðir um verkefni á sviði mannvirkja og umhverfis árið 2011.

Bæjarráð samþykkir að ráða Ástu Camillu Gylfadóttur sem umhverfisráðgjafa í fimm mánuði. Meðal starfa hennar felst einnig að hafa yfirumsjón með Garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ 2011. Bæjarráð samþykkir jafnframt að ráða Harald Guðmundsson í stöðu umsjónarmanns garðyrkju og umhverfis í 7 mánuði. Kostnaður við ráðningarnar rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar.

Fulltrú minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirritaður samþykkir tímabundna ráðningu Umsjónarmanns garðyrkju og umhverfis og Sýningarstjóra fyrir Blóm í bæ, að því tilskyldu að kostnaður fari ekki fram úr því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2011.

Ráðning á sérstökum starfsmanni til að sinna Blóm í bæ dregur hins vegar fram raunverulegan kostnað bæjarins vegna þessarar sýningar. Beinn launakostnaður bæjarins verður aldrei undir 3 mkr. auk þess sem gert er ráð fyrir beinu fjárframlagi að upphæð tæplega 3 mkr. í fjárhagsáætlun. Heildarkostnaður bæjarins verður því ekki undir 6 mkr. Í upphafi var gert ráð fyrir að sýningin yrði fjármögnuð að mestu leyti með styrktarfé frá hagsmunaaðilum og fyrirtækjum bæjarins. Þetta er eðlilegt enda hafa þessir aðilar mestan hag af sýningunni. Það að bæjarfélagið fjármagni sölusýningu af þessu tagi er síður en svo sjálfgefið. Undirritaður leggur því til að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað við fjárhagsáætlunargerð 2012 með það fyrir augum að þeir sem hag hafi af sýningunni fjármagni hana að mestu leyti. Framlag bæjarins fælist þá í því að leggja fram aðstöðu til sýningarinnar og e.t.v. eitthvað styrktarfé.

Róbert Hlöðversson

Kl. 18:00 var gert fundarhlé.

Kl. 18:13 hélt fundur áfram.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Meirihluti bæjarráðs vill koma því á framfæri að umfang starfs umhverfisráðgjafa felur í sér meira en eingöngu sýningarstjórn fyrir Blóm í bæ. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðgjafi starfi náið með öðrum starfsmönnum umhverfiseildar að því marki að gera bæjarfélagið enn fallelgra en það er nú þegar. Það sannfæring meirihluta bæjarráðs að Garðyrkju- og blómasýningin Blóm í bæ sé gríðarleg lyftistöng fyrir Hveragerði, rekstraraðila hér í bæ og græna geirann í heild sinni. Auk þess ítrekar sýningin sérstöðu Hveragerðis sem blómabæjarins sem er ómetanlegt.

Guðmundur Þór Guðjónsson

Eyþór H. Ólafsson.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2011 vegna endurnýju hitaveitu í Heiðmörk.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem hann ræðir um kostnað við endurnýjun hitaveitu í Heiðmörk en samkvæmt samningi milli Hveragerðisbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur um sölu hitaveitunnar 11. ágúst 2004 skal Hveragerðisbær bera kostnað af endurnýjun á hitaveitukerfi í Heiðmörk og Þelamörk.

Heildar kostnaður við endurnýjun hitaveitulagna í Heiðmörk er rúmar 15 millj. kr.

Bæjarráð samþykkir að taka þeim tilboðum sem skipulags- og byggingarfulltrúi leggur til.

3.2. **Álitsgerð lögmanns vegna tiltekinna atriða í samningi um sölu Hitaveitu Hveragerðis til Orkuveitu Reykjavíkur.**

Lögð fram álitsgerð frá Ragnari H. Hall hæstaréttarlögmanni varðandi lögmati tiltekinna atriða er varða samning um sölu Hitaveitu Hveragerðis til Orkuveitu Reykjavíkur.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi.

Hveragerðisbær hefur aflað lögfræðialits varðandi réttarstöðu bæjarins gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur um álitamál sem tengjast kostnaði þeirra bæjarbúa sem nýta heitt vatn frá borholu við Gljúfurárholt. Þeir húseigendur sem tengjast þessari lögnum þurfa að greiða sjálfir sérstakan búnað sem Orkuveita Reykjavíkur skaffar öðrum húseigendum í bæjarfélaginu þeim að kostnaðarlausu. Niðurstaða álitsgerðarinnar er sú að bæjarfélagið geti ekki á grundvelli samnings um sölu Hitaveitu Hveragerðis til Orkuveitu Reykjavíkur gert kröfu til kaupandans um

leiðréttingu á söluverði eignarinnar vegna ákvörðunar Orkuveitu Reykjavíkur um að nýta vatn frá Gljúfurárholti í stað þess sem ráðgert var þegar Hitaveita Hveragerðis var seld. Hins vegar kunni þeir húseigendur sem verða fyrir viðbótarkostnaði vegna þessa átt hugsanlega rétt á því að Orkuveita Reykjavíkur bæti þeim þennan kostnaðarauka, enda leiði ákvörðunin beinlínis til sparnaðar hjá fyrirtækinu á kostnað viðkomandi húseigenda.

Samkvæmt hinni lögfræðilegu álitsgerð ber Hveragerðisbær ekki ábyrgð gagnvart húseigendum vegna þessa kostnaðarauka. Engu að síður kemur framangreind ákvörðun Orkuveitu Reykjavíkur bæjarbúum í opna skjöldu og leiðir til þess að kostnaður sumra þeirra af því að nýta hitaveitu í húsum sínum verður umtalsvert meiri en kostnaður annarra bæjarbúa.

Í ljósi framangreinds heimilar bæjarráð bæjarstjóra að hafa milligöngu um rekstur dómsmáls sem rekið verði sem prófmál fyrir húseiganda þar sem látið verði reyna á bótarétt viðkomandi húseigenda á hendur Orkuveitu Reykjavíkur vegna framangreinds. Kostnaður af málarekstrinum verði greiddur úr bæjarsjóði að því leyti sem hann ekki fæst greiddur úr hendi gagnaðila dómsmálsins.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Aðalfundur Sunnlenskrar Orku frá 21. janúar 2011.**
- 4.2. **Stjórnar SASS frá 14. janúar 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:35

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)